

Japönsku Sanso vatnsdælurnar

komnar aftur í tveim stærðum.

Hentugar fyrir sumarbústaði og bændabýli.

Pantanir óskast sóttar strax.

Globus HF
LÁGMÚLI 5, SÍMI 81555



Sveinn Björnsson, listmálari með stórsýningu á Kjarvalsstöðum

Á laugardag opnar Sveinn Björnsson listmálari málverkasýningu að Kjarvalsstöðum, þar sem hann sýnir um 87 málverk.

Sveinn Björnsson er fimmtugur að aldri og hefur haldið fjölda málverkasýninga, bæði hérlendis og erlendis, en fyrst sýndi Sveinn árið 1954.

Í samtali við Tímann sagði Sveinn, að þetta væru yfirleitt stærri myndir er hann sýndi og flestar nýjar. Þær stærstu eru um sex fermetrar. Auk þess eru fáeinar af eldri myndum Sveins á sýningunni.

Myndir Sveins Björnssonar eru yfirleitt frá sjávarsíðunni, og af sjó og sjómennsku, en hann er einkum kunnur fyrir slíkar myndir, en auk þess eru þarna „fantasíur".

Sýningin verður opin í 10 daga á venjulegum safntíma, en þó verður opið á mánudaginn, annan í hvítasunnu.

— Þetta er ekki nein afmælissýning, síður en svo sagði Sveinn okkur, heldur afrakstur af vinnu minni undanfarna mánuði og ár. Myndirnar eru ekki málaðar í tilefni af aldri, heldur af tilefni af einhverju nýju þreki. Ég hefi mjög ríka þörf til að mála og er sýningin til orðin í framhaldi af því.

Það er rétt, myndirnar eru óvenju stórar, en mótívið er líka stórt, sjór, menn og himinn. Slíkar myndir hafa tilhneigingu til þess að verða stórar. JG.

Menntamálaráðuneytið, 15. maí 1975.

Styrkur til háskólanáms í Belgíu

Belgíska menntamálaráðuneytið býður fram styrk handa íslendingi til háskólanáms í Belgíu háskólaárið 1975-'76. Styrkurinn er ætlaður til framhaldsnáms eða rannsókna að loknu prófi frá háskóla eða listaskóla.

Styrktímabilið er 10 mánuðir frá 1. október að telja og styrkfjárhæðin er 8.000 belgískir frankar á mánuði, auk þess sem styrkþegi fær sérstakan styrk til bókakaupa. Styrkurinn gildir eingöngu til náms við háskóla þar sem hollenzka er kennslumál. Umsóknum um styrk þennan skal komið til menntamálaráðuneytisins, Hverfisgötu 6, Reykjavík, fyrir 5. júní n.k. Með umsókn skal fylgja æviágrip, greinargerð um fyrirhugað nám eða rannsóknir, staðfest afrit prófskírteina, heilbrigðisvottorð og tvær vegabréfsljósmyndir. — Sérstök umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu.

Fáorð símskeyti dýrari — margorð ódýrari

Milli CEPT-landa (landa í Evrópusambandi Pósts og síma) hefur náðst samkomulag um breytingu á gjöldum fyrir símskeyti. Þessi breyting er í því fólgin, að fast gjald fyrir hvert símskeyti hækkar verulega, en á móti kemur mikil lækkun á gjald fyrir orð. Gjald fyrir 20 orða skeyti verður það sama bæði samkvæmt gömlu og nýju reglunum. Skeyti með færri orðum en 20 verða dýrari, en skeyti með fleiri orðum en 20 verða ódýrari samkvæmt nýju reglunum, og vex mismunurinn með lengd skeytanna.

Skýrslur yfir símskeyti til og frá útlöndum fyrir árið 1974 sýna, að meðallengd símskeytanna til útlanda var 26 orð, en frá útlöndum 28 orð.

Nýju skeytagjöldin eru fastagjald kr. 390 og gjald fyrir hvert orð kr. 12 til Færeyja, kr. 17 til Englands og kr. 21 til annarra CEPT-landa, en þau eru Austurríki, Belgía, Dankörk, (Grænland), Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Júgóslavía, Kýpur, Liechtenstein, Malta, Mónakó, Noregur, Luxembourg, Portúgal, San Marino, Spánn, Sviss, Svíþjóð, V-Þýzkaland, Tyrkland og Vatikanið.

Skeytagjöld til annarra landa verða óbreytt. Nýju skeytagjöldin taka gildi 15. maí 1975.

Fyrirlestur um Findhorn samfélagið

Á hvítasunnudag halda Michael Lindfield og Dobinka Popov frá Findhorn Foundation á Norður-Skotlandi fyrirlestur með skuggamyndum um þetta nútíma samfélag á fundi hjá mannúðarsálfræðifélaginu, SÍM.

Fyrirlesturinn verður kl. 3 e.h. í Norræna húsinu og er öllum heimill aðgangur. Fyrirlesararnir mæla á ensku.

Findhorn samfélagið hefur vaxið frá því að vera sex manna hópur yfir í að vera um 200 manna samfélag á 12 árum. Hefur það vakið athygli fyrir margháttaða nýsköpun í menningarmálum, þ.á.m. tilraunaháskóla, þar sem hugrænum, andlegum og listrænum hæfileikum nemenda er þjálfun gefin. Fólk víðs vegar að úr heiminum sækir skóla þennan. Eitt athyglisverðasta einkenni Findhorn samfélagsins, sálfræðilega séð, er hin árangursríka hagnýting þeirra á hópefli til þess að auðvelda samfélagslegt starf og samskipti.

Póstmenn óánægðir með skipulagsmál

Aðalfundur Póstmannafélags Íslands, sem haldinn var fyrir skömmu, samþykkti að víta þau vinnubrögð, sem viðhöfð voru við setningu reglugerðar frá 20.12. 1974 um skipulagsmál hjá Pósti og síma og telur fundurinn að með slíkum vinnubrögðum sé verið að ögra til átaka.

Þó illa hafi tiltekizt í upphafi af hálfu valdhafa um þessi mál, þá skorar P.F.Í. á samgönguráðherra að framhaldsákvarðanir verði ekki teknar nema í fullu samráði við þá aðila sem við eiga að bua og framkvæma þær. Þar á meðal er P.F.Í. að þeim hluta sem að póstmálum snýr.

Kór Menntaskólans við Hamrahlíð heldur tónleika

Kór Menntaskólans við Hamrahlíð heldur tónleika í hátíðarsal skólans annan dag hvítasunnu, mánudaginn 19. maí, og hefjast þeir kl. 17.

Kórinn hefur nýverið tekið þátt í norrænni útvarpskeppni æskukóra, haldið tónleika í Kaupmannahöfn og sungið í danska útvarpið. Hafa undirtektir alls staðar verið með ágætum. Á tónleikunum annan hvítasunnudag gefst tækifæri til að heyra þá söngskrá er kórinn bauð fram erlendis og fleiri lög. Allir eru velkomnir eftir því sem húsrúm leyfir.

JVC NIVICO

Stereo og 4ra rása tæki frá leiðtoganum JVC NIVICO Japan Victor Company, tæknifrömuði japanskra hljómtækja.

SEA U.S. PATENT No. 3566294



Faco
Hljómdeild
Laugavegi 89
sími 13008

CD-4 HANNAÐ AF JVC